

Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Garðabær
Arinbjörn Vilhjálmsson
Skipulagsstjóri
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Reykjavík 18. nóvember 2016
MI201611-0007/ 6.08 / K.M.

Efni: Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030.

Minjastofnun Íslands hefur móttengið bréf skipulagsstjóra Garðabæjar frá 26. okt. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030.

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

Í kafla 1.3 í drögum að kynningu aðalskipulagsins er fjallað um helstu viðfangsefni endurskoðunar aðalskipulagsins. Minjastofnun Íslands fagnar því að minjavernd er meðal þessara viðfangsefna.

Í 16. gr. laga um menningarminjar, nr. 80/2012, segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi. Búið er að skrá fornleifar í samræmi við kröfur sem gerðar hafa verið til slíkrar skráningar í Garðabæ. Einnig liggur fyrir skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses frá árinu 2004 um fornleifaskráningu á völdum aðalskipulagsreitum á Álftanesi. Skráningin nær yfir stærstan hluta þess svæðis sem áður hét Bessastaðahreppur. Mikilvægt er að ljúka aðalskráningu fornleifa í sveitarfélaginu sem allar fyrst.

Friðlýstar fornleifar eru á fjórum stöðum í sveitarfélaginu og er staðsetning þeirra og annarra minjastaða innan sveitarfélagsins sýnd á korti á í kynningarskýrslu (mynd 24).

Í kafla 5.3 í drögum að kynningu er skrá yfir friðlýst hús innan sveitarfélagsins. Á þá skrá þarf að bæta íbúðarhúsinu á Breiðabólssstöðum sem var friðlýst af forsætisráðherra 14. júní 2016. Samkvæmt 29. gr. laga um menningarminjar eru öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri friðuð. Nefnd eru tvö hús sem falla undir það ákvæði; gamli barnaskólinn á Bjarnastöðum og gamla húsið í Sviðholti sem talin eru hafa menningarsögulegt gildi. Þá segir að tekin hafi verið saman listi yfir hús sem verða orðin 100 ára innan aðalskipulagstímabilsins. Minjastofnun getur fallist á að það fullnægi skráningu húsa og mannvirkja vegna aðalskipulagsgerðar en leggur áherslu á að það er allra hagur að fyrir liggi stefna um verndun húsa og

mannvirkja þegar kemur að ákvörðunum um þróun byggðar í þegar byggðum hverfum. Samkvæmt 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal gera húsakönnun þar sem lagt er mat á varðveislugildi húsa og byggðar þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi. Ekki kemur fram í drögum að kynningu að húsakannanir hafa verið gerðar á völdum svæðum innan sveitarfélagsins í tengslum við deiliskipulagsgerð, og er mikilvægt að haldið verði áfram að vinna húsakannanir eins og deiliskipulagsgerð gefur tilefni til.

Í drögum að kynningu er fjallað um gömul hús og fornleifar í kafla 5.3. Af einhverjum ástæðum er hluti umfjöllunar um fornleifar þó undir kafla 5.5 sem ber yfirskriftina, *Vatnsvernd á strandsvæðum við ár, vötn og sjó*, og er í þeim kafla eingöngu fjallað um fornleifar en betur á við að færa þann texta í kafla 5.3.

Unnið hefur verið deiliskipulag fyrir Garðahverfi þar sem búsetulandslag hefur mótast í aldanna rás og lesa má ummerki um forna byggð og landnýtingu. Áherslur deiliskipulagsins eru að stuðla að varðveislu menningar- og náttúruminja í Garðahverfi og sérstaklega tekið mið af sögulega sérstöku búsetulandslagi og aldagömlu hlutverki svæðisins sem kirkju- og menningarstað. Garðabær fékk nýlega styrk úr húsafríðunarsjóði til að vinna tillögu að verndarsvæði í byggð fyrir Garðahverfi. Heiðmörk er almennt útivistar-, skógræktar- og verndarsvæði. Í kynningardrögunum kemur fram að unnið sé að deiliskipulagi svæðisins þar sem eitt af markmiðunum er að tryggja verndun menningarminja. Bæði eru þessi svæði, Heiðmörk og Garðahverfi, mikilvæg í menningarsögulegu tilliti. Í Heiðmörk eru friðlýstar fornleifar á tveimur svæðum. Í vesturenda Búrfellsgjár er Gjárétt friðlýst svo og hellar, fyrirhleðslur og vatnsból. Í og við norðurenda Selgjár eru friðlýstar seltóftir, hellar og önnur mannvirki. Það er mjög jákvætt hversu vel hefur verið staðið að varðveislu menningarminja á þessum svæðum.

Í umhverfisskýrslu kemur fram að lagt var mat á umhverfisáhrif eftirfarandi áhrifaþátta:

- Byggð og byggðamynstur
- Samgöngur og þjónustukerfi
- Opin svæði, útivist og íþróttir

Allir eru þessir þættir taldir geta haft áhrif á menningarminjar.

Metin voru umhverfisáhrif byggðar á fimm svæðum, Garðaholti norðan Garðavegar, Álfanesi (Haukhús og Þórukot), Hnoðraholti og nálæg svæði, miðbæ (Lyngás) og Setbergs- og Svínholti. Niðurstaða matsins er að stefna um byggð og byggðamynstur hefur í heildina talsvert jákvæð áhrif á menningarminjar.


Gatnakerfi, göngu- og hjólastígar og almenningssamgöngur voru til skoðunar þegar meti voru umhverfisáhrif samgangna og þjónustukerfa. Niðurstaða matsins er að umhverfisáhrif samgöngu- og þjónustukerfis séu óverulega jákvæð á menningarminjar.


Metin voru umhverfisáhrif á umhverfi en þar undir falla íþróttasvæði, opin svæði, óbyggð svæði, kirkjugarðar og grafreitir, skógrækt, strandsvæði og verndarsvæði (hverfisvernd og friðlýsingar). Niðurstaða matsins er að stefna aðalskipulagsins varðandi umhverfi hafi talsvert jákvæð áhrif á menningarminjar.

Í umhverfisskýrslu er ekki gerð nákvæm grein fyrir því hvernig mat var lagt á áhrif aðalskipulagsins á menningarminjar. Þótt áhrifin séu í flestum tilfellum talin engin eða jákvæð er þó ekki ólíklegt að einstaka fornleifum kunni að stafa hætta af framkvæmdum sem boðaðar eru í skipulaginu. Í drögum að kynningu aðalskipulagsins kemur fram að allar helstu framkvæmdir séu deiliskipulagsskyldar og að á deiliskipulagsstigi verð fornleifar merktar í nákvæmum mælikvarða. Ekki er víst að fyrirbyggjandi fornleifaskráning fullnægi í öllum tilfellum kröfum sem gerðar eru til skráningar á deiliskipulagsstigi. T.d. þarf að færa útlínur fornleifa á deiliskipulagsuppdrátt til að hægt sé að gera sér grein fyrir staðsetningu þeirra og umfangi. Minjastofnun Íslands metur í hverju tilfelli hvort fyrirbyggjandi skráning er fullnægjandi eða hvort uppfæra þarf skráninguna.

Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við tillögu að aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar, nr. 80/2012 stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Mínjastofnunar Íslands.* Og á 2. m.gr. 29. gr. laganna sem hljóðar svo: *Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Mínjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,
f.h. Mínjastofnunar Íslands


Guðný Gerður Gunnarsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágrennis


Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Afrit sent: Skipulagsstofnun

Afrit í tölvupósti : Arinbjörn Vilhjálmsson (arinbjorn@gardabaer.is)